



Flugslysaæfing Lokaskýrsla



28. september

2013

Ísafjörður

Flugslysaæfing fer fram á Ísafjarðarflugvelli

28.sept. 2013.

Allir viðbragðsaðilar á útkallslista vegna flugslysa eru boðaðir á æfinguna.

Vinsamlega takið frá tíma.



Við „Neyðarstig-land“ í flugslysaáætlun fyrir Ísafjarðarflugvöll þá boðar Neyðarlínan-112 eftirfarandi:

Algerðarstjórn almennsanna ísjarða
Almannavarnarækið (Héðléggvagnstjórn) - hóper 1 og 2
Aðili björgunarskipis Gunnar Friðkuzonar
Björgunarskiptag ísjarða
Björgunarsveitina Björgu
Björgunarsveitina Djá
Björgunarsveitina Dról
Björgunarsveitina Koba
Björgunarsveitina Salkjögu
Björgunarsveitina Tinda
Flugsjórnarmáttöðina í Reykjavík
Flugvarnir á hælri
Héðléggvagnstjórn ísjarðarbojar
Landsflugspéðluna
Landspítala Hinnslasjúkraháin Forstogi

Lögðlana á Vestfirðum
Rannsóknarmáttal flugslysa
Rauða kross deild íslungarvilar
Rauða kross deild Djá arjarðar
Rauða kross deild ísjarðar
Rauða kross deild Söðavilar
Rauða kross deild Sögandafjarða
Rauða kross deild Örnandafjarða
Spólabílnátt Bolungavíla
Stöðvæð íslungarvilar
Stöðvæð ísjarðar
Stöðvæð Söðavilar
Starfsmann Flugslyga-ástand
Starfsmann DASA hælri
Swenstjarna björgunarsveita - svæði T
Vaktstöð sjóglaga

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Markmið æfingarinnar.....	5
Inngangsorð.....	5
Þátttaka.....	6
Hverjir tóku þátt og fjöldi.....	7
Orðskýringar.....	8-9
Dagskrá æfingarinnar.....	10
Lokaskýrsla -Bjarni Sighvatsson.....	11
Gangur æfingarinnar - Bjarni Sighvatsson.....	12-14
Aðgerðastjórn -Úlfar Lúðvíksson lögreglustjóri og Hlynur H. Snorrason, yfirlögregluþjónn.....	15-17
Vettvangsstjórn -Ingvar Jakobsson,varðstjóri.....	18
Verkþáttastjórar:	
➤ Aðhlyningarstjóri - Hildur Elísabet Pétursdóttir.....	19-20
➤ Gæslustjóri - Hörður Sævar Harðarson, lögreglumaður.....	21-23
➤ Flutningastjóri - Pálmi Arnarsson, Björgunarfélagi Ísafjarðar.....	24-25
➤ Björgunarstjóri - Hermann Hermannsson, slökkvistjóri.....	26
Ráðgjafar:	
➤ Aðgerðastjórnar – Skýrsla barst ekki.....	
➤ Vettvangsstjórnar - Kristján Kristjánsson, Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra.....	28-29
➤ Aðhlyningarstjóra - Guðrún Lísbet Nielsdóttir, Landsspítali.....	30-32
➤ Flutningastjóra - Friðfinnur F.Guðmundsson, Landsbjörg.....	33-34
➤ Gæslustjóra – Skýrsla barst ekki.....	
➤ Björgunarstjóra - Ingimar Eydal,Guðbrandur Lárusson,Haraldur Jakobsson,Isavia.....	35-36
Rauði Krossinn - Bryndís Friðgeirsdóttir,verkefnisstjóri.....	37-38
Starfsmenn flugvallar - Arnór Magnússon, umdæmisstjóri Isavia.....	39
Umsjón leikaramála - Vigdís Agnarsdóttir.....	40-41
Rýnifundur, úrdráttur	42
Samantekt helstu lærdómsatriða æfingarinnar.....	43-46



Þessi skýrsla er gefin út af Isavia ohf.

Umsjónarmaður með útgáfu þessarar skýrslu er
Bjarni Sighvatsson bjarni.sighvatsson@isavia.is

Ljósmynd á forsíðu: SJS-Bæjarins Besta - Ísafirði



Ljósmyndir: SJS-Bæjarins Besta-Ísafirði

Markmið:

Meginmarkmið æfingarinnar var að stefna saman öllum þeim viðbragðsaðilum sem taldir eru upp í flugslysaáætlun fyrir Ísafjarðarflugvöll og fá þá til að vinna saman við björgun mannlífa úr flugslysi.

Flugslysaáætlun fyrir Ísafjarðarflugvöll var handritið sem lá til grundvallar um verkefni og skyldur hvernar viðbragðseiningar.

Það er ekki markmið í sjálfu sér að menn æfi það sem þeir kunna, heldur að fá menn úr ólíkum viðbragðseiningum til þess að vinna saman, hlið við hlið og mynda það eðlilega flæði sem til þarf til þess að ferillinn „sjúklingur á slysstað“ til „sjúklingur á sjúkrahús“ virki sem best með hagsmuni þolenda í huga.

Endanlegt markmið er að auka öryggi í flugi á Íslandi.

Daganna 26-28.september 2013 var haldin á og við Ísafjarðarflugvöll flugslysaæfingin „Ísafjörður 2013“.

Æfingin var liður í því skipulagi Isavia að halda eina viðamikla flugslysaæfingu á hverjum áætlunarflugvelli ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti.

Þessi æfing er í röð margra æfinga sem haldnar hafa verið undanfarin ár á öllum áætlunarflugvöllum landsins.

Að undirbúningi æfingarinnar og að sjálfri æfingunni kom að venju hópur manna, svokallaður ráðgjafahópur.

Hópur þessi samanstendur af sérfræðingum úr hinum ýmsu starfsstéttum og tengist starf hvers ráðgjafa samsvarandi starfseiningu viðkomandi æfingarsvæðis.

Ráðgjafahópurinn fundar og skipuleggur frumvinnu við undirbúning æfingarinnar og í framhaldi af því er farið á viðkomandi stað og haldnar kynningar og kennslunámskeið í samvinnu eða annað að óskum heimamanna.

Heildarskipulag hverrar æfingar byggist á viðbragðsáætlun sem Almannaávarnardeild ríkislögreglustjóra í samvinnu við Isavia, gefur út fyrir hvern flugvöll.

Samhliða æfingunum er því annaðhvort unnið að gerð nýrrar flugslysaáætlunar fyrir viðkomandi flugvöll eða þá að sú sem fyrir er tekin til endurskoðunar, bæði fyrir æfinguna svo og er hún yfirfarin í ljósi reynslunnar af æfingunni og lagfærð eftir því.

Þessi endurskoðun kemur líka viðbragðsaðilum hvers staðar til góða þar sem menn rýna í sinn þátt í áætluninni og gefst bæði tækifæri til að hafa áhrif á áætlunina sjálfa svo og einnig að aðlaga starf sitt og skipulag að henni eða breytingum sem á henni kunna að vera gerðar.

Venjulega er mikið lagt undir þegar æfingar eru haldnar.

Viðbragðsaðilar hvers staðar rýna í innra skipulag sitt og búnað og leitast við að bæta hvorutveggja eftir þörfum. Oft er farið út í meiri og minni fjárfestingar í hlutun sem menn telja vanta til þess að eining þeirra geti staðið undir væntingum.

Það er því ljóst að mikið er lagt undir bæði með mikilli vinnu svo og útlögðum kostnaði. Síðast en ekki síst er mikil framlegð sjálfböðaliða, en án þeirra yrði víða harla lítið úr flugslysaæfingum, nyti þeirra ekki við.

Leitast er við að hafa skýrslu þessa sem einfaldasta og auðlesna.

Útgáfa hennar hefur eitt aðalmarkmið:

***Að draga fram hvað vel fór í viðkomandi æfingu og undirbúningi hennar svo viðbragðsaðilar viti hvað þeir gerðu rétt og læri af því....
Að draga fram hvað betur hefði mátt fara í viðkomandi æfingu og undirbúningi hennar svo viðbragðsaðilar geti dregið lærdóm af því og bætt úr.***

Hverjir tóku þátt og fjöldi:

Slökkvilið Ísafjarðar	Uþb.	17
Slökkvilið Bolungarvíkur	Uþb.	
Slökkvilið Þingeyri	Uþb.	
Björgunarfélag Ísafjarðar	Uþb.	} 20
Björgunarsveitin Dýri	Uþb.	
Björgunarsveitin Tindar	Uþb.	
Björgunarsveitin Sæbjörg	Uþb.	
Björgunarsveitin Kofri	Uþb.	
Aðgerðastjórn	Uþb.	9
Vettvangsstjórn	Uþb.	3-4
Rauðakross deildir	Uþb.	15
Sjúkrahús-heilsugæsla HVEST	Uþb.	13
Sjúkrabílar	Uþb.	2
Lögreglumenn utan AST og VST	Uþb.	7
Flugfélag Íslands (afgreiðsla Ísafirði)	Uþb.	2
Leikarar og aðstoðarmenn	Uþb.	59
Ráðgjafar	Uþb.	12
Isavia starfsmenn á Ísafjarðarflugvelli	Uþb.	6
Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð	Uþb.	5
Samtals:	Uþb.	165
Gestir	Uþb.	6



Handrit æfingarinnar

Kl. 10:30 virkjar flugturninn á Ísafirði flugslysaáætlun vallarins á Neyðarstigi rauður. Erlend leiguflugvél Bombardier KK-NEI sem ber 50 farþega ákvað að reyna landingu í góðu veðri en lélegu skyggni. Flugmenn ákveða að gera aðflug niður Engidalinn en flugmenn tilkynna truflun í mótór rétt áður en komið er að brautarenda. Brak vélarinnar er dreift og eldar loga. Talið er að um borð séu alls 54.

Aðgerðarstjórn (AS).

Aðgerðarstjórn fer með yfirstjórn aðgerða og er oftast staðsett á lögreglustöð staðarins eða aðsetri almanna. Hún getur verið staðsett í viðkomandi sveitarfélagi eða í öðru sveitarfélagi. Hana myndar hópur manna þar sem hver og einn starfar vegna þekkingar eða tengsla við sérhæfða starfshópa. Til dæmis fulltrúar löggæslu, björgunarsveita, heilbrigðismála, vegamála, slökkvímála og fleira í þeim dúr. Yfirmaður hópans er lögreglustjóri staðarins eða fulltrúi hans. Verkefni aðgerðarstjórnar er að hafa heildaryfirlit yfir aðgerðir, útvega bjargir, sjá um flutning sjúklinga úr héraði, samræma aðgerðir í héraði og vera tengiliður samræmingarstjórnar í miðstöð almanna í Skógarhlíð í Reykjavík.

Vettvangsstjórn (VS).

Vettvangsstjórn er lítill hópur fagmanna (oft 2-5) er aðgerðarstjórn skipar til þess að fara með stjórnun aðgerða á (slysa)vettvangi. Þeir aðilar sem oft mynda vettvangsstjórn eru til dæmis frá lögreglu, björgunarsveit, slökkviliði, heilsugæslu, sveitastjórn eða annað. Vettvangsstjórn sem starfar oftast nærri vettvangi, upplýsir aðgerðarstjórn um gang mála, skipar verkþáttarstjóra eftir atvikum, útvegar bjargir og mannskap og tekur aðrar ákvarðanir er lúta að framgangi aðgerða á vettvangi.

Verkþáttastjórn.

Verkþáttastjórn er undir stjórn vettvangsstjórnar. Þeir sjá um sjálfstæð verksvið, fá bjargir og ráð hjá vettvangsstjórn og upplýsa hana um gang mála.

Björgunarsjórn stjórnar björgunarsörfum á vettvangi, slökkvistörfum, frumgreiningu og leit að fólki. Kemur oftast frá slökkviliði.

Aðhlyningarstjórn stjórnar greiningarstöð (söfnunarsvæði slasaðra-SSS), sér um sjúkra- og fjöldahjál, forgangsröðun sjúklinga og ákveður flutning þeirra af söfnunarsvæði. Oftast lækni eða hjúkrunarfræðingur frá sjúkrahúsi eða heilsugæslu.

Gæslustjórn sér um lokun og verndun innri svæða (slysstaðurinn) og lokun ytri svæða, umferðastjórnun og almenna gæslu. Hann ber einnig ábyrgð á talningu þolenda. Oftast lögreglumáður.

Flutningastjórn sér um móttöku bjarga og ákveður biðsvæði tækja og bjarga, skráningu þeirra og skipulagningu. Hann sér um flutning slasaðra af skaðasvæði á söfnunarsvæði slasaðra (SSS) og á sjúkrahús eða annað eftir ákvörðun aðhlyningarstóra. Oftast björgunarsveitarmaður.

Pótt verkþáttastjórnar komi oftast frá ofangreindum einingum þá er það ekki regla og vettvangsstjóri getur skipað hvaða mann sem hann kys sem verkþáttastjóra.

Bakskipulag flugslysaæfinga.

Ráðgjafar mynda svokallað bakskipulag. Þeir sjá um gerð og uppsetningu slysavettvangsins (bílflok, eldur og annað sem lýtur að gerð hans), umsjón þeirra sem leika sjúklinga, förðun þeirra og umsjón, eftirlitsþáttur (hver er hvar að gera hvað og hvernig) og heildar samhæfing æfingarinnar.

Lausnaraðilar.

Lausnaraðilar eru allir þeir viðbragðsaðilar heimamanna sem að aðgerðum og lausnum mála koma og vinna beint og óbeint undir stjórn aðgerðar- og vettvangsstjórna. Dæmi um lausnaraðila eru: slökkviliðsmenn, björgunarsveitir, lögregla, heilbrigðisfólk, aðhlyningarsamtök, rauða kross fólk og fleiri.

Ráðgjafahópur.

Ráðgjafahópur (frá *Isavia*, *Landhelgisgæslunni*, *Landspítala*, *Rauða krossinum*, *Neyðarlínunni*, *Rannsóknarnefnd flugslysa*, *Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra*, *Slysavarnarfélaginu Landsbjörg*, *Þjóðkirkjunni*) er hópur fólks sem hefur aflað sér sérþekkingar á sviði hópsslysavíðbúnaðar, hver á sínu sviði. Hópurinn mætir á þann stað þar sem halda á æfingu, tryggir heimamönnum ákveðna fræðslu og aðstoðar við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu æfingarinnar. Á æfingunni sjálfri eru þeir eftirlitsmenn og ráðgjafar og eru staðsettir þar sem sérþekking þeirra kemur að mestum notum.

Rýnifundur.

Rýnifundur stundum kallaður viðrunarfundur. Fundurinn er haldinn í lok flugslysáæfinga, ýmist skömmu eftir æfingarnar eða daginn eftir. Á þessum fundum lesa lausnaraðilar starfseininga (td. vettvangs-aðhlyningar-flutnings-björgunar og gæslustjóri, auk fulltrúa rauðakross, heilsugæslu, flugvallar og fleiri eininga) upp skýrslur sem þeir hafa gert, gjarnan með fólki sem vann við sama vettvang á æfingunni (td. björgunarstjóri fer yfir málin með slökkviliðsmönnum og svo framvegis). Þar eru dregnir fram helstu þættir sem að mati hvers og eins fóru vel á æfingunni og undirbúningi hennar og einnig þar sem miður fór við undirbúning og framkvæmd æfingarinnar.

Orðið er síðan gefið laust og þar geta menn rætt um eða bent á atriði sem að þeirra mati skiptu máli í æfingunni. Fundarefni snýst aðeins um æfinguna og það sem að henni snýr en ekki annað.

Samhæfingarstöð (SST).

Samhæfingarstöð almannavarna er staðsett í Björgunarmiðstöðinni við Skógarhlíð í Reykjavík. Verkefni samhæfingarstöðvarinnar er að aðstoða td. aðgerðarstjórnir á landsvísu, útvega hverskyns bjargir, skipuleggja sjúkraflutninga í lofti og samræma störf aðgerðarstjórna þegar umfang aðgerða krefst þess. Hana mannar fólk með sérþekkingu á ýmsum sviðum er snerta björgunarmál svo og fulltrúar ýmissa opinberra stofnanna.

Söfnunarsvæði slasaðra (SSS).

Oftast staðsett í flugstöð viðkomandi flugvallar. Er sá staður þar sem öllum þeim sem lent hafa í flugslysi og eru á lífi er safnað saman. Þar fer fram skoðun á þolendum og þeir flokkaðir eftir ástandi þeirra. Eftir mat á ástandi eru þeir fluttir á viðeigandi svæði í flugstöðinni. Þeir fá þar áframhaldandi ummönnun meðan beðið er eftir flutningi á sjúkrahús.

MÓT-móttaka, skráning bjarga í aðgerð.

BH-biðsvæði hjálparliðs.

BF-biðsvæði flutningstækja.


BTB-biðsvæði tækja og búnaðar.

RNSA-Rannsóknarnefnd samgönguslysa. Ein deild stofnunarinnar annast rannsóknir flugslysa.

SLY-Slysstaðurinn og næsta nágrenni hans.

SSL-Staður þar sem líkum eða líkamshlutum er safnað.

ARFF –Aircraft Rescue & Fire Fighting.





Dagskrá flugslysæfingar Ísafjarðarfjörður 2013.



<p>Fimmtudagur 26.sept</p>	<p>Kl.10:00 Boðunarprófun, Almennavarnadeild ríkislögreglustjóra. Allir fá SMS boð. Þeir sem ekki fá boð hafi samband við fulltrúa Neyðarlinunnar eða hjá landssamtökum viðkomandi viðbragðseiningar.</p>	<p>Föstudagur 27.sept</p>	<p>Kl.15:00 Skrifborðsæfing Hús Björgunarfélags Ísafjarðar. Aðgerðarstjórn, Vettvangsstjórn, Verkþáttastjórar skrifborðsæfing. (Aðstoðarmenn stjórnenda ásamt ráðgjöfum mæta einnig). Fjarskiptaprófum fer fram í upphafi skrifborðsæfingar (allir viðbragðsaðilar samræma og prófa fjarskipti) Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra</p>	<p>Laugardagur 28.sept</p>	<p>Kl. 08:00 Förðun leikara. Hús Björgunarfélags Ísafjarðar</p>	<p>Athugið að dagskráritföir fimmtudags- og föstudags kvöldið gætu breyst.</p>
<p>Kl.16:00- 19:00 (ca) Upprifjun/Fræðsla. Vettvangsstjórn/verkþáttastjórar Staður: Guðmundarbúð (Björg.fél. Ísa) Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra</p>	<p>Kl. 19:30-21:45 ca. Setning æfingarinnar Salur Björgunarfélags Ísafjarðar í Guðmundarbúð (opið öllum)</p> <p>Dagskrá:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Setning. • Upplýsingar um æfinguna. <i>Isavia</i>. • Almennavarnadeild • Rannsóknarnefnd samgönguslysa <i>Hvert atriði tekur upp. 10 min</i> • Áverkamat, bráðaflokkun, póstakennsla. <i>Landsþatalinn cs. 1 ½ klst.</i> 	<p>Kl. 20:00 Leikarafundur húsi Björgunarfélags Ísafjarðar. Kynning og fræðsla fyrir þá sem leika polendur á æfingunni.</p>	<p>Kl. 19:30-21:30 ca. Stöðufundur. Í sal Björgunarfélags Ísafjarðar. Opið öllum Dagskrá:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Aðgerðarstjórn ca. 5 mín • Vettvangsstjórn ca. 5 mín • Einhverjir ráðgjafar ca. 5 mín • Gangur æfingarinnar-<i>Isavia</i> ca. 10 mín • Verkleig æfing í áverkamati og bráðaflokkun sjúklinga (mini-slysaæfing) <p><i>Fyrir alla sem koma að vettvangi ss. slökkvilið, lögregla, heilbrigðisfólk, björgunarsv. fólk, sjúkrafri menn.</i> <i>Landsþatalinn</i></p>	<p>Raun. Kl. 11:00-13:30 (upb) Flugslysaaefingin</p>	<p>Að lokinni æfingu fara menn í að taka saman töl sín og tækki. Þeir sem tala fyrir hönd stjórnunareininga á tynifundinum setjast niður með sínu fólk og taka niður punkta um æfinguna, framkvæmd hennar og undirbúning.</p>	<p>Hvað merkja litir ?</p> <p>Þeir sem leika sjúklinga og þeir sem aðstoða við förðun og umsjá leikara.</p> <p>Sameiginlegt, allir sem vilja mæta eða taka þátt</p> <p>Almenn vinna. Starfseiningar vinna að undirbúningi, frágangi o.fl.</p> <p>Skrifborðsæfingar /fræðsla vettvangs- og aðgerðarstjóra og þeirra aðstoðarmanna</p>
<p>Úrvinnslufundur æfingarinnar í Guðmundarbúð Opið öllum þátttakendum Kl.15:00 Boðið verður uppá súpu og kaffi fyrir alla þá sem tóku þátt í æfingunni. Æfingu ///sitið</p>	<p>Dagskrá úrvinnslufundar</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Almenn tilmælingar um æfinguna-Æfingarstjórn 2. Starf aðgerðarstjóra-Aðgerðastjórn 3. Starf vettvangsstjóra-Vettvangsstjórn 4. Leit og björgun- Björgunastjórn 5. Stofnunarv. sias.aðra-Aðhlyningastjórn 6. Lokamir/gæslafalting-Gæslustjórn 7. Móttaka og flutningur-Flutningastjórn 8. Fjöldahjálpi/SSS-Rauði krossinn 9. Störf flugvallarfólks-Isavia 10. Almennar umræður-Orðið laust 11. Næstu skref-Isavia 12. Æfingunni slitið 					

Til hvers, fyrir hverja, tilgangur.

Þetta er svokölluð lokaskýrsla flugslysæfingarinnar sem haldin 28.september á Ísafjarðarflugvelli. Slíkar skýrslur eru gerðar í lok hverrar æfingar og þær eru sendar forsvarsmönnum viðbragðseininga ásamt mynddiski þar sem við söfnum saman því myndefni er varðar æfinguna sem við komumst yfir. Einnig eru þessar skýrslur sendar rafrænt til viðbragðseininga og einnig á netið (isavia.is) og væntanlega á facebook í nánustu framtíð.

Til hvers.

Í lok hverrar æfingar er haldinn rýnifundur þar sem talsmaður hverrar viðbragðseiningar og fleiri skýra frá því sem var þeirra upplifun á æfingunni. Bæði það sem vel fór og miður í undirbúningi hennar svo og hvað vel fór og miður við framkvæmt æfingarinnar. Við biðjum síðan sömu aðila að taka saman þessa punkta og setja á ákveðið form sem síðan fer í lokaskýrslu. Þetta eru lærdómsatriði æfingarinnar sem alls ekki mega fara forgörðum. Æfing ein og sér er góð og öllum er nauðsynlegt að æfa ætli þeir að ná færni í því sem þeir eru að gera. En í ljósi þess að flugslysæfingar eru haldnar á fjögurra ára fresti er ljóst að nauðsynlegt er að æfingarnar leiði til þess að það sé notað sem vel hefur reynst og ekki síður að það sé lagað sem miður hefur tekist.

Fyrir hverja.

Fyrir alla þá sem tóku þátt í æfingunni. Og ekki síður þá sem ekki tóku þátt og þá sem hefja störf í einhverri viðbragðseiningu á milli æfinga. Allir munu njóta afrakstursins ef að skýrslan leiðir til að einstaklingar og einingar framkvæmi eitthvað og bæti sig til þess að ná betri árangri.

Tilgangur.

Tilgangurinn er að gera viðbragðseiningar hæfari til þess að bregðast við hópslysi. Með því að læra af nýliðinni æfingu. Með því að þú farir yfir lærdómspunkta þessar einingar og bætir út því sem miður fór. Með því fara yfir lærdómspunkta hinna viðbragðsaðilana og sjá hvort um sameiginleg vandamál hefur verið að ræða sem bæta mætti úr. Með því að yfirfara flugslysáætlunina, bæði í kafla 8 þar sem verkefnum þessar viðbragðseiningar er lýst og skoða einnig aðra kafla þar sem farið er yfir verkvið, samvinnu og fjarskipti og koma hugmyndum um úrbætur áfram. Tilgangurinn með útgáfunni er sá að gera viðbragðsaðilum kleyft að hafa yfirsýn yfir þau atriði sem bæta þarf til þess að geta þeirra til viðbragðs verði betri.

Bjarni Sighvatsson.
Æfingastjóri

Almennt.

Þessi flugslysæfing var með hefðbundnu sniði. Á fimmtudagsmorgun fór fram boðunaræfing en þá sendir Neyðarlínan út boð um flugslys á landi til allra skráðra viðbragðseininga. Tilgangurinn er að kanna hvort allir einstaklingar fái boð þannig að hægt sé að koma þeim einstaklingum sem ekki fá boð inn í kerfið.

Seinnipart fimmtudags var kennsla og upprifjun fyrir vettvangsstjórn og verkþáttastjóra.

Arnór Magnússon, umdæmisstjóri Isavia setti æfinguna síðdegis á fimmtudeginum og í framhaldi af því fór fram hefðbundin dagskrá með fróðleik og æfingum.

Á miðjum föstudegi fór fram skrifborðsæfing þar sem verkþáttastjórar voru með stóra mynd af Húsavíkurflugvelli og fengu þeir legókubba sem táknuðu þær bjargir sem til staðar eru svo sem sjúkrabíla, björgunarsveitabíla, slökkvibíla og mannskap frá öllum viðbragðseiningum. Vettvangsstjórn og aðgerðastjórn voru í sínum starfsstöðvum og með fjarskiptum var reynt að líkja eftir væntanlegri æfingu bæði í stjórnun og fjarskiptum. Skrifborðsæfingar skipta miklu máli, bæði til þess að kenna stjórnendum, rifja það upp sem þeir hafa áður lært og taka hrollinn úr mönnum fyrir væntanlega flugslysæfingu.

Á föstudagskvöldið var haldin stöðufundur þar sem farið var yfir stöðu mála bæði af ráðgjöfum og stjórnendum og endað í æfingu í bráðagreiningu slasaðra.

Á föstudagskvöldið var svo haldinn stöðufundur þar sem stjórnendur fóru yfir sína málaflokka, farið var yfir praktísk atriði varðandi æfinguna og verklegar æfingar.

Æfingin sjálf hófst fyrr en seinast og lauk einnig fyrr. Tilgangurinn er sá að nota daginn eins vel og hægt er. Áður fyrr var byrjað um hádegi og rýnifundur haldinn á sunnudag. Nú var ákveðið að klára hvorutveggja á einum degi. Margir þeir sem komu að æfingunni mættu á fimmtu- og föstudags fundina og margir þátttakenda eru sjálfboðaliðar. Við lítum því þannig á að okkur beri skylda til þess að nýta tímann vel og sjálfboðaliðar vilja að sjálfsögðu hafa sitt frí. Ekki er vafi á að þetta fyrirkomulag er mun heppilegra.

Æfingunni tafðist um hálf klukkustund, hófst klukkan 11:30 og lauk um klukkan 14:00.

Í framhaldi af því var boðið uppá hressingu í Guðmundarbúð, húsi Björgunarfélags Ísafjarðar og þar fór fram rýnifundur þar sem menn fóru yfir æfinguna. Lögreglustjóri, Úlfar Lúðvíksson sleit síðan æfingunni um klukkan 16:00.

Handritið.

Handritið gerði ráð fyrir að fimmtíu sæta erlend leiguflugvél hefði komið niður Engidalinn í góðu veðri. Mótorbilun á seinasta kafla aðflugs leiddi til þess að vélin missti hæð og skall til jarðar og brotnaði og eldar kviknuðu. Um borð voru 50 farþegar og fjögurra manna áhöfn.

Vettvangurinn.

Tilgangur með uppsetningu slysavettvangs er sá að reyna að skapa aðstæður sem að einhverju leiti endurspegli raunveruleikann þannig að viðbragðsaðilar sem á vettvang koma mæti „alvöru flugslysi“ aðstæðum. Þetta er auðvitað ekki hægt nema að litlu leiti en þó gert eins og hægt er.

Æfingarsvæðið var að þessu sinni sett upp utan flugvallar nánar tiltekið í framanverðum Engidal skammt frá flugvelli. Tilgangurinn var að gera svæðið erfiðara og einnig starf björgunar-gæslu og flutningastjóra. Við höfðum fengið lánaða rútu sem staðsett var á veginum og einnig vorum við með bílflök á svæðinu í kring. Vegurinn um svæðið er í halla og þar eru engin bílastæði. Viðbragðsbílar urðu því að snúa við á veginum eða aka rúntinn inn dalinn og út á þjóðveg norðanmegin sem gerði vettvanginn lengri og erfiðari. Vettvangurinn var því þökkalega dreifður og bauð bæði upp á eld- og klippuverkefni auk fjölda slasaðra til þess að bjarga, greina og koma í hús.

Veður.

Veður hefur áhrif á æfingar. Gott veður kætir alla og gerir góða æfingu betri og ekki hvað síst er það gott fyrir þá sem leika sjúklinga því eðlilega er kalsamt að liggja á blautri jörð og bíða eftir hjálp. Við vorum ákaflega heppin með veður. Eftir nokkuð kalda og úrkomusama daga var nánast logn, hiti 3-4 gráður og þegar leið á æfinguna náði sólin að skína á vettvanginn.

Neyðarlínan.

Æfingarsvæðið var skammt frá þjóveginum og yfir hann að fara til þess að flytja sjúklinga á söfnunarsvæði slasaðra á Ísafjarðarflugvelli. Ljóst var að æfingin myndi valda einhverri truflun á akandi umferð um veginn. Neyðarlínan notaði nýlegt kerfi sem þeir hafa tekið í notkun en það virkar þannig að send er tilkynning í GSM-senda á ákveðnu svæði í þessu tilfelli í nágrenni Ísafjarðar. Allir farsímar á svæði þessara senda fengu tilkynningu um hugsanlegar tafir á umferð. Með þessari tækni er hægt að tryggja að allir farsímar, án tillits til símafélags fái tilkynningar um eitthvað sem haft getur áhrif á þeirra daglega líf svo sem lokun vega eða annað sem hamlar umferð eða öryggi.

Neyðarlínan sendi mann til þess að fylgjast með boðunar og Tetraæfingum. Eins og oft áður komu í ljós agnúar á kerfinu eða hvernig fólk var skráð og vann hann að langfæringu útkallslista.

Rauði krossinn.

Rauði krossinn lagði höfuðáherslu á að þjálfra sitt fólk á vettvangi þar sem þeir eru nokkuð vanir að reka hjálparstöðvar. Þeir sáu um talningar inn og út af SSS, gæslu og umsjón græna svæðisins og aðstoðuðu við greiningu og vinnu á slysstað. Kraftar Rauðakross fólks í æfingunni nýttust mjög vel og ljóst að mjög heppilegt er að leggja höfuðáherslu á að senda sem allra flest Rauða kross fólk á vettvang að minnsta kosti í fyrri hluta aðgerða.

Þátttaka.

Eitthvað færri tóku þátt í æfingunni núna en seinast. Athygli vekur hve fáir björgunarsveitarmenn taka þátt, aðra æfingu í röð. Sjö björgunarsveitir eru á útkallslista Neyðarlínunnar vegna neyðarstigs í flugi. Lætur nærri að minna en þrír björgunarsveitarmenn á björgunarsveit hafi mætt á þessa æfingu. Þetta vekur áhyggjur bæði hvað varðar mætingu ef til alvöru kemur og einnig um kunnáttu í þeirri samvinnu viðbragðsaðila við að leysa verkefnið flugslys sem flugslysæfing gengur útá. Það verður samt að hrósa þeim björgunarsveitarmönnum sem mættu fyrir þeirra vinnubrögð.

Landhelgisgæslan.

Eins og á flestum undanförunum æfingum þá ráðgerði Landhelgisgæslan að senda þyrlu til þess að taka þátt í æfingunni. Þeir eru aðeins með eina áhöfn á vakt og þyrlan var send í leitarverkefni og komst því ekki á æfinguna.

Nokkrir punktar æfingastjóra.

- Uppsetning söfnunarsvæðis slasaðra (SSS) gekk vel, öllum hurðum lokað og búnaði var komið fyrir á stuttum tíma og allt var klárt þegar fyrstu þolendur komu á staðinn.
- Verkbáttastjórar (utan SSS) voru ekki merktir sem slíkir. Þetta hefur verið viðvarandi vandamál og kominn tími til þess að taka á málinu og búa til ný vestir.
- Allir sem komi inná SSS voru greindir. Á álagspunktum voru grænir settir í bið við hlið skoðunarborða. Þetta getur ekki verið heppileg lausn og rétt að velta fyrir sér öðrum möguleikum.
- Umferðastjórnun að og frá flugstöð og á rampi að inngangi/fráflutningi þolenda á SSS var frábærlega leyst af starfsmanni Isavia þannig að allur akstur við gekk hindrunarlaust.

Niðurstaða.

Í heildina gekk æfingin mjög vel. Sjá má að þrátt fyrir erfiðari vettvang en á seinustu æfingu var verkefnum lokið á um það bil sama tíma og síðasta æfing sem var töluvert þægilegri sem verkefni. Mér virtist sem vinnubrögðin væru fumlausari og ákveðnari en á seinustu æfingu. Niðurstaðan er því sú að hér hafi verið um góða, vel verkefna leysta æfingu sem var ykkur til sóma.

Fyrir hönd ráðgjafa sem komu að æfingunni langar mig til þess að þakka öllum þeim sem komu að æfingunni eða aðstoðuðu okkur á einn eða annan hátt. Án samtakamáttar eru slíkar æfingar ekki haldnar.

Takk fyrir samvinnuna og bestu kveðjur,

Bjarni Sighvatsson-Isavia-æfingastjóri.

Flugslysæfing á og við Ísafjarðarflugvöll 28. september 2013 Skýrsla lausnaraðila

1. Starfseining Skýrsluritari/ar:

Aðgerðastjórn
Úlfari Lúðvíksson,
lögreglustjóri og Hlynur H.
Snorrason, yfirlögregluþjónn.

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Þeir sem sátu í aðgerðastjórn komu frá lögreglu (3), Ísafjarðarbæ (1), slökkviliði (1), Rauða krossinum (2), svæðisstjórn björgunarsveita (1), Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar (1) og frá svæðisstjórn björgunarsveita á NV Vestfj., svæði 7 (1).

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Vorum staddir í stjórnstöð almannavarnadeildar Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurrepps á slökkvistöð Ísafjarðarbæjar.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Starfsmaður frá sjúkrahúsinu hér á Ísafirði fékk vitneskju um að hann ætti að sitja í aðgerðastjórn á æfingunni með skömmum fyrirvara en hann hafði enga reynslu af þátttöku í æfingu af þessu tagi. Segir okkur að huga þarf betur að því í tíma hverjir eiga að skipa aðgerðastjórn á æfingu en munstra þarf menn tímanlega í verkefnið svo þeir geti kynnt sér eðli verkefna, m.a. með því að kynna sér efni flugslysaáætlana sem nálgast má á heimasíðu almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra á netinu. Lítið mál hins vegar að bæta úr með því að lögreglustjóri og hans menn hafi þetta klárt í tíma fyrir æfingu. Almannavarnanefndin hér á Ísafirði þarf að bæta aðstöðu í stjórnstöð en það má fjölga tússtöflum og fjárfesta í tölvu fyrir skráningavinnu. Það er ábending til ráðgjafa að það má bæta SÁBF með því að skýra t.d. út hvað felist í „Grunnþjónustu“ en það getur vafist fyrir þátttakendum með litla reynslu. Í aðgerðinni sjálfri hafa menn lítinn tíma til að lesa sig í gegnum kennslurit SÁBF og gildandi aðgerðaáætlun. Sjáum fyrir okkur að hlutverk sem heyra undir SÁBF verði greind og skýrð á einfaldan hátt á litlum plöstuðum spjöldum og afhend þeim sem taka að sér einstök verkefni í aðgerðastjórn. Þetta er það sem lögreglan á Vestfjörðum ætlar að gera fyrir sína menn en byrjað er að vinna einskonar gátlista fyrir lögregluna á Vestfjörðum hvað varðar stærri björgunaraðgerðir í umdæminu. Yfirstjórn lögreglunnar á Vestfjörðum hefur hins vegar ákveðið í framhaldi af þessari æfingu að kalla aðgerðastjórn saman reglulega. Hlutverkaleikir eru hér þarfir. Aðgerðastjórn þarf til að mynda að viðhalda þjálfun í notkun Tetra en það breytir ekki því að fjarskipti gengu vel fyrir sig á æfingunni. Aðgerðastjórn velti fyrir sér á æfingunni innra skipulagi og mikilvægi þess að allar ákvarðandi í aðgerðastjórn væru teknar á grundvelli verkbeiðna og upplýsinga frá vettvangsstjóranum sjálfum og ráðleggingum og ákvörðunum sem teknar væru í samhæfingarstöð í samráði við aðgerðastjóra varðandi alla aðstoð og bjargir. Mikilvægt í öllu tilliti. Nauðsynlegt er fyrir lögreglustjóra að huga að starfsemi aðgerðastjórnar sumar, vor, haust og vetur, eins og með aðra þætti aðgerða lögreglu og huga að góðu samstarfi við aðila sem að björgunaraðgerðum geta komið.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Teljum að undirbúningur hafi gengið vel. Þjálfað lið frá Reykjavík á staðnum með mikla reynslu af undirbúningi, þátttöku og stjórnun slíkra æfinga. Tímasetningar góðar. Æfing ákveðin með góðum fyrirvara. Minnisblöð send þátttakendum og skipulag gott. Þátttakendur í AST stóðu sig vel þrátt fyrir að flestir hefðu litla sem enga reynslu af því að vinna í aðgerðastjórn og vinna með SÁBF kerfið. Fulltrúar í AST (flestir) vissu af æfingu með góðum fyrirvara og ber það merki um gott skipulag af hálfu ráðgjafahópsins. Það er mat lögreglustjóra og yfirlögregluþjóns að æfingin daginn fyrir hina eiginlegu æfingu hafi verið mjög nauðsynleg. Rögnvaldur Ólafsson, lögreglufulltrúi almannavarnardeildar RLS, sem stýrði foræfingunni og æfingunni á laugardeginum, veitti góð ráð. Í foræfingunni stöðvaði hann æfinguna fljótlega eftir að hún hófst og lét AST hefja æfingu á ný. Eftir á að hyggja reyndist sú aðferð afar vel og gaf tóninn um góða æfingu þegar kom að hinni eiginlegu æfingu á laugardeginum. Tilhögun hlutverkaskiptingar í AST þótti reynast vel. Það verklag að einn sjái um fjarskiptasamskipti við SST og annar við VST þótti reynast mjög vel. Aðrir fulltrúar í AST, sem voru í talstöðvarsamskiptum við samsvarandi verkþáttastjóra á vettvangi, voru með eyrnatól í talstöðvum sínum og höfðu þar af leiðandi ekki truflandi áhrif á vinnu annarra. Aðeins heyrðist í SST og VST í rými AST meðan á æfingunni stóð. Það fyrirkomulag gerði það að verkum að ekki þurfti að endursegja það sem fram kom í þessum fjarskiptasamskiptum við SST og VST þegar kom til þess að upplýsingarnar voru færðar á tússtöfluna og í „loggskrá“ í tölvu. Fréttamannafundur var ekki æfður en aðgerðastjóri gerði ráð fyrir einum eða fleiri slíkum og átti þá að stefna fjölmiðlamönnum í stjórnsýsluhúsið á Ísafirði í því sambandi. Lögreglustjóri hefði séð um þau samskipti. Þá var rætt í AST að lögreglustjóri eða annar fulltrúi færi í eina eftirlitsferð á slysavettvang meðan á æfingunni stóð. Ekki vannst tími til þess en það hefði verið upplýsandi, ekki síst til að „fanga ástandið“ og færa inn í það lokaða rými sem AST vann í. AST var sammála um að æfingin hafi gengið vel og engin alvarleg mistök verið gerð. Aðgerðin hafi verið lágstemmd og vinnuandinn yfirvegaður og góður. Farþegalistinn hefði mátt berast AST miklu fyrr en hann gerði og þurfti AST að kalla eftir honum hjá VST og samhfingarástöð. Hann skilaði sér ekki frá rekstaráðila viðkomandi flugfélags né heldur frá ISAVIA eins og flugslýsaáætlunin gerir ráð fyrir. Skrifast á aðgerðastjórn og vettvangsstjórn. Fjarskiptin gengu vel fyrir sig. Samband gott og samskipti við SST og VST góð og upplýsandi. Lögreglustjóri og yfirlögregluþjónn unnu fyrir æfinguna drög að nánari gátlista þeirra sem myndu sitja í aðgerðastjórn. Vettvangsstjóri og Gæslustjóri voru gefin fyrirmæli um að gera slíkt hið sama. Sú vinna átti stóran þátt í því hversu vel menn voru undirbúnir fyrir æfinguna sjálfa. Þeir gátlistar eru langt komnir. Það er ábending til ráðgjafa að velta fyrir sér verklagi í sambandi við meðferð farþegalista. Mikilvægt að lögreglulið á Íslandi samræmi vinnubrögð undir handleiðslu ríkislögreglustjóra. Samskipti AST við SST fóru öll fram í gegnum Tetra. Lögreglustjóri sá um þau samskipti. Samskipti AST við VST fóru sömuleiðis öll fram í gegnum Tetra. Yfirlögregluþjónn sá um þau samskipti. Formaður svæðisstjórnar hlustaði á fjarskiptasamskipti AST og VST og skráði jafn óðum á tússtöflu upplýsingar á líðandi stundu. Staðgengill lögreglustjóra hlustaði einnig á öll samskipti AST við SST og VST og skráði innihald þeirra og ákvarðanatökur jafn óðum í tölvu (loggskráning).

Aðgerðastjórn

Verkefnum Á, B og F var deilt niður á slökkviliðsstjóra, sviðsstjóra tæknideildar Ísafjarðarbæjar, fulltrúa RKÍ og starfsmann heilbrigðisstofnunar. Það er mat okkar að ef aðgerðastjórn er vel mönnuð þá sé lag fyrir aðgerðastjóra (lögreglustjóra) að standa til hliðar og láta annan annast samskipti við samhæfingarstöð. Betri yfirsýn aðgerðastjórans.



Ljósmyndir: SJS – Bæjarins Besta - Ísafjörður



Flugslýsaæfingin Ísafjörður 28.09.2013 Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Vettvangsstjórn	Ingvar Jakobsson varðstjóri

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Undirritaður ásamt einum öðrum frá lögreglunni. Einn aðili frá svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 7 og einn frá Slökkviliði Ísafjarðarbæjar

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Flugturni Isavia á Ísafjarðarflugvelli

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Almenn ánægja með æfinguna og ekkert sem aðilar í vettvangsstjórninni geta fundið að hvað þennan hluta varðar..

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Eina atriðið sem aðilar í vettvangsstjórninni finna að er stopult TETRA-samband á köflum við flugvallarsvæðið.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Æfingin gekk mjög vel og ber helst að nefna að ekkert fát eða örvinglan var að finna hjá þeim aðilum sem tóku þátt í æfingunni, heldur gengu hlutirnir jafnt og þétt á yfirvegaðan hátt.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Mjög gott að náðist að manna vettvangstjórnina vel og þessvegna ekki allt álagið á einum manni.

Ísafirði, 07.10.2013
Ingvar Jakobsson, varðstjóri

Flugslýsaæfingin (Staður og dagsetning) - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Aðhlyningarstjóri	Hildur Elísabet Pétursdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, ljósmóðir (alls 13 frá HVEST), starfsfólk rauðakrossins.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
<i>Ekkert sérstakt, nema hvað kynning til heilbrigðisstarfsmanna mætti vera betri. Til hvers er ætlast af þeim, á hvaða fundi er nauðsynlegt að mæta o.s.frv.</i>

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

- Vantar vesti fyrir heilbrigðisstarfsfólk – einungis voru til vesti fyrir einn hjúkrunarfræðing og stjórnandi lækni.
- Samhæfingarstjórn var mikið að leita eftir upplýsingum um hvern og einn sjúkling sem verið var að flytja, hvað amaði að hverjum og einum. Vonlaust fyrir aðhlyningarstjóra að fylgjast með hverjum sjúklingi þegar hann á frekar að hafa yfirsýnina.
- Tengist liðnum á undan. Er það hlutverk aðhlyningarstjóra að ákveða hvert flugvélarnar eru sendar með sjúklingana? Skil það vel að ekki sendum við höfuðáverka til Akureyrar o.þ.h. og þar af leiðandi verður samhæfingarstjórn að vita hvað er að sjúklingunum. Veit ekki alveg hvernig við getum leyst þetta.
- ÚT- skráning sjúklinga. Tel mikilvægt að sá aðili sem skráir út sjúklingana skrifi jafnframt hvert hann er að fara t.d fjöldahjálparstöð, sjúkrahús Ísafirði og hvernig hann fer. Og ef sjúklingurinn fer með flugi þá með hvaða flugvél hann er að fara. Gerir aðhlyningarstjóra lífið léttara með alla yfirumsjón á sjúklingum.
- Rauða kross fólk talaði um tregt flæði frá þeim. Það hrúguðust upp grænir óslasaðir sjúklingar sem hefði mátt flytja fyrir af SSS og í fjöldahjálparstöð. Aðhlyningarstjóri var of upptekinn að láta flutning á meira slösuðum ganga fyrir til að fara í þetta mál. Einnig voru engir auka bílar til að flytja þetta fólk því ekki var raunhæft að taka sjúkrabíla í þetta. Rauða kross fólk talaði um að þau gætu komið á fleiri bílum og flutt þetta fólk sjálft sem ég tel góða lausn.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Aðhlyningarstjóri var búin að fá kynningu á Tetra-stöðvarnar og var það nauðsynlegt.
- Búið var að ákveða eftir skrifborðsæfingu að nauðsynlegt væri að aðhlyningarstjóri hefði aðstoðarmann og var það gott.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

- Sá það strax á æfingunni að ég hefði aldrei getað þetta án Magga Helga aðstoðarmanns. Það er svo gríðarlegt áreiti í rásinni sem verkpáttastjórnendurnir hafa og miklar upplýsingar sem aðhlyningarstjóri hefur ekkert við að gera. Eg ákvað því að láta aðstoðarmanninn hafa þá rás, flokka þær upplýsingar sem ég þurfti og koma þeim til mín. Þetta gekk mjög vel að mínu mati.
- Hjúkrunarfræðingar og læknar voru komnir með fyrstu vél og voru þeir að detta í hús rétt á eftir fyrstu sjúklingum. Þetta var ómetanlegt að vita og létti mikið á okkar fólki.
- Mjög gott að hafa skyndihjálparfólkið frá RKÍ þar sem það sá að mestu um aðhlyningu inn á græna svæðinu.
- Að lokum fylltum við bara Fokkerinn af grænum sem voru brotnir, með bruna o.fl. þar sem sjúkrahúsið hér hefði aldrei ráðið við svona marga.



Ljósmynd: SJS-Bæjarins Besta-Ísafirði

Flugslysaæfingin (Staður og dagsetning) - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Gæslustjóri	Hörður Sævar Harðarson Lögreglumaður

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögreglan, Tollgæslan, Björgunarsveitir, Rauði krossinn, Isavia, Flugfélag Íslands

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Ég var hreyfanlegur og fór oft á milli slysavettvangs og SSS.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
<i>Ég hef engar athugasemdir varðandi undirbúninginn.</i>

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

<p>Tetra talhópur Það var ekki vandamál á æfingunni sjálfri en ég get ímyndað mér að það gæti orðið vandamál ef til alvöru útkalls kæmi að margir vissu ekki á hvaða Tetra talhóp þeir ættu að vera á.</p> <p>Tillaga að úrbótum Ef mögulegt er að láta koma fram í fyrstu útkallsskilaboðunum á hvaða talhóp allir eigi að fara á. Ef það kemur ekki fram í fyrsta útkalli, að senda annað boð á alla með þessum upplýsingum.</p> <p>Fjarskiptin Fjarskiptin voru oft slitrótt, virðast vera dauðir punktar þar sem slysavettvangurinn var og fjarskipti voru einnig oft slitrótt inni í flugstöðinni ef þú varst ekki nálægt gluggum.</p> <p>Tillaga að úrbótum Hugsanlega hægt að koma upp endurvarpa til að bæta Tetra sambandið á þessu svæði.</p> <p>Ytri lokun við Arnardal Í flugslysaáætluninni segir að björgunarsveitin Kofri eigi að setja upp ytri lokun við Arnardal. Þegar æfingin hófst fór ég strax að hugsa um að setja upp ytri lokanir. Þar sem ég hafði engin símanúmer hjá björgunarsveitinni Kofra við hendina bað ég Fjarskiptamiðstöð Ríkislögreglustjóra að ná sambandi við þá og segja þeim að setja upp ytri lokun og að setja lokunina upp við Súðavík í stað Arnardals.</p>
--

Ytri lokun var sett upp af björgunarsveitinni Kofra en ég fékk aldrei staðfestingu á því, eins náði ég ekki sambandi við ytri lokunina í gegnum Tetra kerfið.

Það er nauðsynlegt að Gæslustjóri geti verið í sambandi við þá sem sinna lokunum, til að fá staðfestingu sem fyrst á að lokunin hafi verið sett upp, ef þörf er á frekari aðstoð við lokanirnar og eins ef leyfi þarf hjá Gæslustjóra til að hleypa einhverjum framhjá lokuninni.

Tillaga að úrbótum

1. Breyta staðsetningu ytri lokunar í flugslysaáætluninni þannig að hún væri sett upp við Súðavík í stað Arnardals.
2. Að bæta inn í flugslysaáætlunina, verkefni viðbragðsaðila, Björgunarsveitin Kofri (8.1.19). að staðfesta að lokun hafi verið sett upp og koma á sambandi við Gæslustjóra í gegnum Tetra Av-VF_2.
3. Björgunarsveitin Kofri verði aðstoðuð við að fjármagna kaup á Tetra talstöð sem væri eyrnamerkt þessari ytri lokun ef til svona útkalls kæmi.

Inn- og útgangar á SSS

Á æfingunni voru aðeins einn inngangur og einn útgangur og tel ég það vera ein ástæðan fyrir því að talningin gekk eins vel og hún gerði. Á rýnifundinum var gagnrýnt að Grænir þyrftu að sitja á Græna svæðinu og horfa upp á ástand Gulra og Rauðra þ.e.a.s. að þeir væru ekki meira afsíðis. Einnig var gagnrýnt að Grænir væru ekki með sér útgang og þyrftu að ganga í gegnum flugstöðina, framhjá Gulum og Rauðum til að komast að útganginum.

Ég held að kostir þess að hafa aðeins einn inn- og útgang séu það miklir að ekki eigi að breyta því. Með þessu fáum við öruggari talningu og þurfum minni mannskap í talningarpósta.

Tillaga að úrbótum

1. Hafa möguleika á að hengja upp tjald til að takmarka sýn Grænna yfir til Gulra og Rauðra á SSS.
2. Ef það er talið betra sé ég ekkert á móti því að víxla inn- og útgöngum svo að Grænir komist beint út af SSS þegar þeir eru fluttir á brott.



Ljósmyndir: SJS – Bæjarins Besta - Ísafirði

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningurinn var góður að mínu mati. Mikil fræðsla í boði og skrifborðsæfingin sem var haldin á föstudeginum þar sem samskiptin fóru einungis í gegnum talstöðvar held ég að hafi hjálpað mikið til við að vel gekk á æfingunni sjálfri á laugardeginum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Aðstoðarmaður Gæslustjóra

Það var nauðsynlegt að hafa aðstoðarmann á þessari æfingu. Hann sá alfarið um að halda utan um tölur frá bráðaflokkun á vettvangi og frá Söfnunarsvæði slasaðra (SSS) og kom þeim áfram til Vettvangsstjóra. Einnig gat ég skilið aðstoðarmanninn eftir á slysavettvangi á meðan ég fór á SSS og hafði þá betri yfirsýn yfir allt svæðið.

Talning á SSS

Talningin gekk mjög vel og skiptir þá miklu máli að hafa gott og ákveðið fólk í þeim stöðum sem passa að enginn fari framhjá án þess að vera skráður inn eða út. Ég fékk fólk frá Rauða krossinum til að manna talningarpósta INN og ÚT og svo björgunarsveitarmann til að vera Talningarstjóra og minn tengilið við SSS.

Umferðarstjórnun við SSS

Starfsmaður Isavia hafði frumkvæði að því að setja upp merkingar við flugvallarhliðið sem voru til fyrirmyndar. Starfsmenn Isavia og Flugfélags Íslands skiptust svo á að sjá um umferðarstjórnun og gæslu við flugvallarhliðið. Ég þurfti ekkert að hugsa um þennan póst og var það mjög þægilegt.



Ljósmyndir: Arnór Magnússon-Isavia

Flugslýsaæfingin Ísafjörður 28.09.2013 Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Flutningsstjóri	Pálmi Ó Árnason Guðrún Guðný Long

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Svæðisstjórn björgunarsveita sv-7

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á (MÓT), við vettvang og við (SSS)

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur og æfingin sjálf fannst okkur takast með ágætum nema það þurfti að koma fram hvar flutningsaðilar enda með sjúkling þegar hann er fluttur í flug eða á sjúkrahús.
Það hefði mátt vera betri mæting björgunarsveitamanna á æfingunni.
Það vantaði merkingar á verkpáttastjóra.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

1. Á (MÓT) varð smá vandamál með fjarskipti í fyrstu þar sem ekki heyrðist í talstöð við bílana sem voru í gangi. Það er hægt að leysa með því að hafa tengt í eyra.
2. Það voru einingar að tilkynna um flutning á sjúklingum innan slysavettvangs og um einstakan flutning til og frá (SSS). En það leystist nú fljótt. Þarf að vera sett fyrir flutningseiningum á (MÓT) eða áður, að tilkynni sig í og úr verkefnum en ekki hvern verkþátt.
3. Það má vera í skipulaginu að það sé kölluð strax til rúta sem gæti tekið óslasaða og aðra (aðstandendur á flugvelli) til fjöldahjálparstöðvar og fl.
4. Það væri til bóta að setja upp skjól (tjald eða eitthvað álíka) á slyssað.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur og æfingin tókst vel og var gaman að taka þátt, menn voru fókusaðir á að gera sitt.

Æfingin var vel kynnt og þátttaka góð hjá flestum.

Við gerðum skráningablað sem gerði okkur kleift að sjá hvað við höfðum af björgum og hvar það var stutt í verkefninu, hjálpaði það mikið.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Æfingin tókst vel í alla staði, þótt það hafi verið fleiri sjúklingar en björgunarmenn. Rennslið þægilega fumlaust og samvinna góð.


Það virkaði vel að Flutningsstjóri hafi aðstoðarmann, til skráninga á björgum í upphafi og eins og í þessari æfingu að geta skipt okkur á söfnunarsvæðið og á slysstað, þá varð yfirsýn á flutning og búnaði betri.

Það tókst ágætlega að mynda flæði á flutningum slasaðra frá slysstað og mynda snúnings pláss fyrir tæki.

Það var gott að Aðgerðarstjórn kom með fyrirspurn um hvort vöntun væri á björgum á svæðið þegar loftbrú var að myndast.

Pálmi Ólafur Árnason

Ísafirði, 10.10.2013



Flugslysaæfingin (Ísafjarðarflugvöllur) - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Björgunarstjóri	Hermann Hermanns

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Slökkvilið, flugvallar slökkvilið, björgunarsveitir, lögregla

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á slysstað

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fjarskipti voru erfið, þekkt vandamál við staðsetningar. Spurning hvort nota hefði átt endurvarpa-möguleika Tetra kerfis ?

Undirmönnun, en fer ekkert dýpra í það ☺

Spurningin er hvort það væri skynsamlegra að hluta æfinguna niður t.d byrja á slysstað með frumgreiningu og skyndihjálpi (allir með).

Næsti þáttur yrði svo flutningur á söfnunarsvæði slasaðra. (sjúklingar tilbúnir) allir þátttakendur með á SSS.

Með þessu myndi skapast víðtækari þekking á ferlinu....

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

--

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Á heildina litið þá gekk æfingin vel. Björgunar-einingar voru undirmannaðar en unnu vel saman.

Slysstaðurinn var skemmtilegur og krefjandi að hluta.

Mjög ánægður með skrifborðsæfinguna ☺

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:



Ljósmyndir: SJS-Bæjarins Besta - Ísafirði

Flugslysaæfing Ísafirði 28. September 2013 Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Vettvangsstjórn	Kristján Kristjánsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögregla, Björgunarsveitir, Slökkvilið

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Vettvangsstjórn

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það dróst um hálf tíma að æfingin hæfist vegna þess að leikarar voru ekki tilbúnir á sínum stöðum og er þetta eitthvað sem alvarlega verður að taka á. Gengur ekki að viðbragðsaðilar upp til hópa þurfi að bíða svona lengi að æfing hefjist. Þetta þarf að greina og laga þar sem þetta er ekki í fyrsta sinn sem æfing tefst vegna þessa.

Vantar betri almenna þekkingu á SÁBF.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Vettvangsstjórn hefði mátt huga betur að uppsetningu vinnuaðstöðu í turni (VST) þ.e. hvort ekki hefði mátt koma fyrir öðru borði til að þeir gætu setið saman við það.

Þá held ég að betur megi vinna eftir SÁBF skipulaginu en tel ég að það komi með aukinni þekkingu og æfingum.

Athuga þarf með fjarskiptasamband á svæðinu umhverfis flugvöllinn

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur æfingarinnar var hefðbundinn en þó var lögð meiri áhersla á fræðslubáttinn og þá sérstaklega fyrir AST-VST og Verkpáttastóra og tókst það vel.

Fyrir þessa æfingu var sett saman vísir að æfingastjórn og var hún að virka þokkalega. Þó þarf að forma starf hennar mun betur varðandi verkskiptingu og fl. Tel þetta þó skref í rétta átt.

Eins var lögð sérstök áhersla á skrifborðsæfinguna og gefinn góður tími í hana og tókst það vel

Æfingin gekk vel og var ekki annað að sjá en allir viðbragðsaðilar hefðu mikinn áhuga á þessu og hefðu kynnt sér áætlunina vel.

Gott var að fá uppgafið hver væri vettvangsstjóri(sem og aðra sem mönnum verkpætti í þessari æfingu) með góðum fyrirvara þannig að hægt var að senda honum fræðsluefni og ræða við hann um verkefnið með góðum fyrirvara.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Vettvangsstjóri stóð sig mjög vel og hafði kynnt sér áætlunina vel og var með góða stjórn á sínu fólki í VST .

Mjög mikill áhugi hjá öllum og jákvæðni fyrir verkefninu sem skilaði sér í að úrlausn verkefnisins gekk vel.

Samskipti VST við verkpáttastjóra gengu vel og eins fóru fulltrúar og VS á vettvang SSS þegar þess þurfti og gaf það þeim mjög góða stöðu á verkefninu.

Flugslýsaæfing Ísafjarðarflugvöllur 2013 Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Heilbrigðisstarfsfólk - Aðhlyning- og greining slasaðra	Guðrún Lísbet Níelsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Starfsfólk Fjórðungssjúkrahúss Vestfjarða á Ísafirði, Björgunarfélag Ísafjarðar, Sjúkraflutningar á Ísafirði, Rauði kross Íslands á Ísafirði.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á vettvangi og á söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Aðhlyning sjúklinga fór seint af stað af hálfu sjúkraflutninga og björgunarsveita, björgunarsveitarfólk virtist ekki vissu um hlutverk sitt og margir sjúklingar voru óafskiptir í töluverðan tíma.

Smá hnökrar á SSS í byrjun æfingar, aðallega hvað varðar áverkamatið en eftir fyrstu sjúklingana fór það að ganga smurt. Úrbætur: Regluleg fræðsla og æfingar heilbrigðisstarfsfólks í áverkamati. Heilbrigðisstarfsfólk tók lítinn þátt í fræðslu sem var í boði fyrir æfingu, ef frá er talinn aðhlyningarstjóri. Heilbrigðisstarfsfólki fannst sjálfu vanta upp á undirbúning.

Aðhlyningarstjóra fannst erfitt að ná yfirsýn yfir eðli vandamál sjúklinga á rauðu/gulu svæði, upplýsingar sem SST kallaði ítrekað eftir. Þetta vandamál er æfingarlegs eðlis, flestir þeir sjúklingar voru“ í umsjón“ þeirra lækna og hjúkrunarfræðinga sem áttu að hafa komið að sunnan með fyrstu flugvélinni sem lenti á flugvöllinum eftir slysið, og voru einungis á pappír.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Bráðaflokkun fór seint af stað, og biðu sumir ansi lengi eftir grænu ljósi til þess að fara inn á vettvang. Tveir aðilar sinntu bráðaflokkun, unnu þeir í teymi og því tók bráðaflokkun mun lengri tíma en ella. Fyrst ákvörðunin um að vinna í teymi var tekin hefði þurft að gera ráð fyrir því að hafa fleiri en eitt slíkt teymi. Hafði áhrif á bráðaflokkun að alvara- alvara útkall var og þurfti að taka sjúkraflutningamann af æfingunni og í það útkall. Það var of-flokkað í bráðaflokkun á vettvangi. Mun hærrí tölur voru úr bráðaflokkun en gert var ráð fyrir í uppsetningu á æfingu. Þetta er þó útkoma sem ætti að búast við ef tekið er mið af fræðslufni og fræðilegum greinum um bráðaflokkun á vettvangi. Mikilvægt er þó að æfa reglulega bráðaflokkun.

Það voru margir grænir sjúklingar í þessari æfingu. Reyndist erfitt að hafa yfirsýn yfir svo mörgum á grænu svæði á SSS, hefði mögulega þurft einhvers konar „innan-svæðis skráningu“.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fjórðungssjúkrahúsið hefur tekið í notkun nýjan búnaður, greinilegt að vel var vandað til verks og kom afar vel út. Búnaðurinn á án efa eftir að reynast þeim vel. Einnig hefur stofnunin tekið í gagnid nýja viðbragðsáætlun sem er afar ítarleg og vel unnin, gagnaðist mér sem utanaðkomandi aðila einstaklega vel.

SSS fór vel af stað, gengið í verk og uppsetning gekk vel. Aðhlyningarstjóri var mjög vel undirbúinn og skipulagður og leysti sín verkefni afar vel. Hún gekk fumlaut í fjarskipti, átti ekki í vandræðum með Tetrastöð.

Veittur var gaumur af því sem fór úrskeiðis á seinustu æfingu og lært af reynslunni. Dæmi: voru búin að útvega hengi fyrir vökva á rauðu svæði, aðhlyningarstjóri og stjórnandi lækni voru merkt.

Heilbrigðisstarfsfólk á SSS lagði mesta áherslu á fyrstu móttöku og æfingu í framkvæmd áverkamats. Aðhlyningarstjóri setti „ósýnilegt hjúkrunarfólk og lækna sem kom með fyrstu vél að sunnan í að sinna rauðum og gulum. Ég tel að þessi nálgun hafi drjúgt æfingalegt gildi fyrir þá sem voru á staðnum.

RKÍ liðar voru settir í talningu inn og út af SSS, hentaði vel, samkvæmt RKÍ fólki hljóta þau þjálfun sem hentar vel í slík lags störf. Talningafólk afar nákvæmt og á hrós skilið.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Flugvallarslökkvilið stóð sig afar vel í umönnun sjúklinga eftir að eldur hafði verið slökktur, gekk rösklega til verks.

Flæði af sjúklingum var hægt af vettvangi inn á SSS. Þetta gerði það að verkum að aldrei varð mikill flöskuháls í áverkamati og skapaði þetta yfirvegað andrúmsloft. Rauðir og gulir þurftu aldrei að bíða í anddyri eftir áverkamati. Voru einnig fleiri borð en áverkamatsteymi, sem gerði það að verkum að þótt að teymin væru bundin yfir sjúklingi náðu sjúkraflutningar náðu alltaf að losa um sjúklinga strax. Lært af reynslu seinustu æfingar og gekk upp eins og lagt var upp með.

Aðhlyningarstjóri fékk strax fjarskiptamann, gafst afar vel. Sá sinni fjarskiptum við vettvangsstjóra og aðra verkþáttastjóra en aðhlyningarstjóri var sjálfur í sambandi við aðgerðarstjórn, sjúkrahús og SST. Aðhlyningarstjóri var mjög ánægður með fyrirkomulagið og fjarskipti gengu eins vel og á var kosið.

Samvinna við RKÍ gekk afar vel. Skyndihjálparhópur RKÍ var staðsettur á grænu svæði og gafst það vel. Það voru mjög margir grænir sjúklingar og heilbrigðisstarfsfólk hefði ekki annað þessum störfum líka. Hefði e.t.v. þurft að hafa einn fastan kontakt úr röðum heilbrigðisstarfsfólks sem hefði yfirumsjón með græna svæðinu. Hefðu þeir heilbrigðisstarfsmenn sem sendir voru með flugi frá Reykjavík á vettvang verið þar í reynd hefði það líklega gengið og því skrifast þetta á vandamál sem er æfingalegs eðlis.

Framkvæmd áverkamats var gagnrýnt á rýnifundi, þar sem talið var óheppilegt að beina grænum sjúklingum úr bráðaflokkun ekki beint inn á græna svæðið heldur látið bíða frammi eftir áverkamati, sem talið var að gæti verið neikvæð reynsla fyrir lítið slasaða. Í ljósi þess sem hér kemur fram tel ég það fullsýnt að það er nauðsynlegt fyrir þessa sjúklinga að fá sitt áverkamat og það strax og kostur er á. Græn bráðaflokkun á vettvangi segir manni afar lítið um raunverulegt ástand sjúklings og kom það á daginn þegar ég ræddi við RKÍ liða sem höfðu sinnt sjúklingum á græna svæði SSS að a.m.k 2 sjúklingar fóru fram hjá áverkamati sem voru of veikir til þess að vera þar, annar með umfangsmikil brunasár og hinn alvarlega ofkældur.

Í þessum skilningi má gjarnan koma fram að útkoma þessarar æfingar er skólabókardæmi um offlokkun (overtriage) sem ákjósanlegast er að vega upp á móti með framkvæmd áverkamats, unnu af heilbrigðismenntuðu fagfólki á vettvangi með björgun lífs og lima fyrst að leiðarljósi. Þessar upplýsingar eru ómetanlegar fyrir ferli sjúklinga í gegnum heilbrigðiskerfi og undirbúning heilbrigðiskerfis á landsvísu að taka við þessum sjúklingum. Til frekari skýringar á þessu, þá leiddur tölur úr bráðaflokkun í ljós 17 rauða sjúklinga, sem er of-flokkun en í raun niðurstöður sem við má búast eins og áður hefur komið fram. Eftir áverkamat á SSS fór sú tala niður í 11 rauða sjúklinga. Í heilbrigðiskerfi sem er jafn smátt í sniðum og okkar, þá munar gríðarlega um þessa 6 rauðu sjúklinga. Það felur í sér dýrmætur tími og bjargir sem iðulega eru af skornum skammti hafi verið nýttar fyrir sjúklinga sem hefðu getað beðið á kostnað þeirra sem gætu það ekki, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Því má álykta að endurmat er afar mikilvægt og nauðsynlegt, sama hvort um er að ræða grænan, gulan eða rauðan sjúkling.

Flugslysæfingin Ísafirði 29.september 2013 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Flutningsstjóri/Björgunarsveitir	Friðfinnur Fr. Guðmundsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Svæðisstjórn svæði 7, Björgunarfélag Ísafjarðar, Björgunarsveitin Tindar Hnífsdal, Björgunarsveitin Sæbjörg Flateyri, Björgunarsveitin Dýri Þingeyri, Björgunarsveitin Kofri Súðavík.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
MÓT og SLY

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Þátttaka hefði mátt vera meiri, þó voru rúmlega 20 manns sem tóku þátt frá björgunarsveitunum í æfingunni. Haft var samband við allar sveitir nokkru fyrir æfinguna og send 3 SMS til áminningar um hana. Ástæða þessarar fæðar var fyrst og fremst það að smölun fór fram á svæðinu á sama tíma. Lítið er við þess að gera annað en að eiga mera samráð við heimamenn um tímasetningar æfinga.

Kerfislegar vangaveltur um staðsetningu vettvangsstjórnar og hlutverk björgunarstjóra. Það er umhugsunarefni að hlutverk vettvangsstjórnar virðist vera að færast frá vettvangi en hlutverk björgunarstjóra vera að aukast og nánast alltaf vera orðið það stórt að það þurfi að leysa með tveimur einstaklingum hið minnsta. Hugsanlega er VST að fjarlægjast of mikið vettvanginn, þetta finnst undirrituðum sjást með því að oft vanti samræmingu milli verkþáttastjóra. Framkvæmdir í VST hafa meðal annars það hlutverk að samræma störf verkþáttastjóra og mikilvægt er að þessi aðili sé í aðstöðu til að samræma störf verkþáttastjóra og ekki bara í fjarskiptum ekki síður með stuttum standandi stöðufundum á vettvangi. Við megum ekki gleyma að kjarni SÁBF er tekin út vettvangsstjórnarkerfinu ICS.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Merkingar á verkþáttastjórum var ábótavant. Þetta er viðvarandi vandamál. Gæslustjóri var sá eini sem var merkur og var hann í gömlu almannavarnarvestunum. – Mikilvægt er að samræmdar merkingar verði innleiddar. Nokkrar leiðir eru færar í því annaðhvort að bjóða upp á vesti með þessum merkingum eða að nota vesti hvers og eins aðila en bjóða upp á merkin sjálf á þau vesti.

Öryggisbúnaður. Það er mikilvægt að björgunaraðilar séu í viðeigandi öryggisbúnaði er þá átt við hjálma, hanska, skó, gleraugu, galla sem hindra að vessar og oddhvassir hlutir skaði björgunarmanninn. Þetta er hægt að gera með ódýrum og góðum hætti ef hugað er að þessu fyrirfram

Sjúklingar voru ekki fluttir af vettvangi eftir bráðaflokkuninni og það virtist vanta tengingu milli þess sem bráðaflokkaði og björgunarstjóra.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Þessi vettvangur er afar góður til frekari þróun á viðbragðskerfi okkar. Samankomnir eru sérfræðingar frá nánast öllum viðbragðsaðilum sem þekkja feril aðgerða mjög vel.

Vettvangur var skemmtilega staðsettur sem bjó til önnur verkefni en vanalega eru til staðar á flugslysaæfingum. Við ættum að gera meira af því að hafa vettvang utan flugvallar. Önnur hver æfing eða svo.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Samvinna á vettvangi var góð milli viðbragðsaðila. Aðilar virtust þekkja sín hlutverk vel. Fjarskipti voru í betra lagi en oft áður.

Flugslysaæfing Ísafirði 28. Sept. 2013- Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Slysstaður	Ingimar Eydal Guðbrandur-Haraldur

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkpætti/verkefni
Starfsmenn Isavia á Ísafjarðarflugvelli-Slökkvilið Ísafjarðar, Björgunarsveitir

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Slysstað

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Hefðum átt að gera fjarskiptaprófanir á svæðinu til að vita um hugsanlegar veilur í Tetrasambandi.

Huga mætti að sértækri fræðslu fyrir björgunaraðila á vettvangi flugslysa með fyrirvara, t.d. 1-2 vikum fyrir æfingu. Tími þessa tvo daga fyrir æfingu er heldur skammur fyrir menn sem eru í öðrum störfum, almennir fundir og fræðsla eru bæði á fimmtudags- og föstudagskvöld og síðan skrifborðsæfing síðdegis á föstudag.

Fara í gegnum fjarskiptaskipulag t.d. hvernig eiga flugvallarverðir að koma frá sér upplýsingum og á hvaða rásum þeir eiga að vera á vettvangi til að byrja með. Spurning hvort fækka hefði mátt sjúklingum, eða hafa fleiri græna.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Vantaði meiri þrýsting á slöngu á Isavia slökkvibíl. Smá hnökrar á samskiptum Björgunarstjóra og Flutningastjóra vegna lélegs Tetrasambands á svæðinu, olli smá töfum á að fá Björgunarsveitir inn á svæði. Heldur langan tíma tók að bráðaflokka, m.a. vegna F2 „Alvara“ útkalls á sjúkrabil í byrjun æfingar.

Einhverjir fóru óflokkaðir á SSS en það er ekki óraunhæft að slíkt geti gerst í alvöru slysi. Hefði mátt tryggja bíl á klippuvettvangi, t.d. með festu í slökkvibíl Nokkuð langan tíma tók að ná öllum sjúklingum þaðan, m.a. vegna skort á bakbrettum. Hefði mátt leggja meiri áherslu á að bjarga sjúklingum úr stóra „flakinu“ (rútnni) áður en farið var að sækja sjúklinga sem voru lengra í burtu, allnokkrir „rauðir sjúklingar“ fóru seint af slysstað þrátt fyrir að auðvelt væri að komast að þeim.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Allir aðilar virtust vera vel undirbúnir og áhugasamir. Gaman að sjá hvað menn eru vel búnir, björgunarmenn vel merktir, í góðum hlífðarfötum og með hjálma.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Björgunaraðilar snöggir að bregðast við. Slökkvilið skipti liði og nálgast vettvang frá tveim stöðum. Björgunarstjóri og aðstoðarmaður hans höfðu góða verkaskiptingu, Björgunarstjóri horfði á slysstað í heild og hafði samskipti við aðra verkþáttastjóra en aðstoðarmaður hans var meira í beinni stýringu á mannskap og í samskiptum við björgunaraðila á slysstað. Allir björgunaraðilar héldu vel áfram og sinntu öllum þeim störfum sem voru fyrirleggjandi, virtist vera lið í góðri þjálfun og hafa góða yfirsýn á verkefni.

Tímaskráning vegna Flugslýsaæfingar á Ísafirði IE.

tími (mín)	Klukkan	Aðgerð
	11:34	Eldur kveiktur
0	11:38	Útkall, turn kallar út
1	11:39	Isavia slökkvibíll á staðnum, stoppar á vegi, draga út slöngur
4	11:42	Slökkvistarf hefst á fyrri eldvettvang
11	11:49	Björgunarstjóri Slökkviliðs Ísafjarðar mætir á staðinn.
13	11:51	Dælubílar skipta liði við vesturafleggjara í Engidal
16	11:54	Slökkvistarf hefst á seinni eldvettvang.
22	12:00	Klippivinna að hefjast.
27	12:05	Vandræði með samband milli björgunarstjóra og MÓT
30	12:08	F2 útkall á Sjúkrabíll ALVARA, fer af vettvangi, bjargir streyma á slysstað.
46	12:24	Bráðaflokkun ekki lokið, samt farið að flytja af vettvangi.
47	12:25	Þak komið af "stjórklefa"
52	12:30	Bráðaflokkun ennþá í gangi.
1,21	12:59	Flugmaður síðastur út úr klippihluta ("stjórklefa")
1,34	13:12	Rannsóknarlögregla fær upplýsingar um aðstæður og líklega staðsetningu svarta kassans".
2,10	13:48	Síðustu tveir sjúklingar fara af slysstað.
2,12	13:50	Slysstaður afhentur lögreglu.



Flugslysaæfing – Ísafjörður 2013. Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Fjöldahjálp- aðstandendur og óslasaðir	Bryndís Friðgeirsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Rauða kross deildir á Vestfjörðum (sex deildir)

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Í flugstöð og SSA- fjöldahjálparstöð

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
<ul style="list-style-type: none"> Leikarar sem komu sem aðstandendur og óslasaðir í fjöldahjálparstöð hefðu mátt vera fleiri og skila sér alla leið. Samskipti við sjálfboðaliða á vettvangi hefðu mátt vera betri, það vantaði eina Tetrastöð til viðbótar við þær þrjár sem voru notaðar. Útvegum á farartækjum til að flytja fólk í fjöldahjálparstöð var ekki á hreinu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

<ul style="list-style-type: none"> Margir voru flokkaðir grænir á vettvangi og komu á söfnunarsvæði en reyndust mikið slasaðir og því í forgangi. Mikilvægt að skrá fjölda inn og út af grænu svæði sérstaklega. Tilkynning barst um að fólk væri á leið í fjöldahjálparstöð en það skilaði sér ekki. Skilgreina hefði þurft betur hlutverk sjálfboðaliða á vettvangi. Margir sjálfboðaliðar Rauða krossins voru vel þjálfaðir í sálrænum stuðningi en voru nýttir í að gera annað eins og að bera borð, stóla og bekki og standa í dyravörslu. Óskað var eftir sjálfboðaliðum í lokun á vegi en var ekki þörf fyrir þá þegar þeir komu á staðinn. Nýta þarf betur þekkingu sjálfboðaliða Rauða krossins eins og í skyndihjálp og flokkun og jafnvel að þeir væru með sér merkingar á sér til að auðvelda yfirsýn fyrir aðhlyningarstjóra /vettvangsstjóra Mikilvægt að skipulagt sé að heilbrigðisstarfsmaður eða sjálfboðaliði með þekkingu í skyndihjálp sé staðsettur í fjöldahjálparstöð líka. Teppi og dýnur þurfa að vera til staðar í flugstöð svo og sjúkrakassi.
--

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Áður en æfingin sjálf hófst var haldið námskeið fyrir fjöldahjálparstjóra og námskeið í sálrænni skyndihjálpi II. Sjálfboðaliðar fengu því góða þjálfun fyrir æfinguna og voru sjálfboðaliðarnir vel undirbúnir.
- Deildirnar hafa á að skipa miklum fjölda sjálfboðaliða sem eru á útkallslista sem geta unnið á vettvangi og í fjöldahjálparstöð.
- Ísafjarðardeild hefur lagt mikla vinnu í að skipuleggja fjöldahjálparstöð og neyðaráætlun deildarinnar er ávallt uppfærð reglulega.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

- Þetta var í fyrsta sinn sem svo mikill fjöldi sjálfboðaliða var sendur á vettvang en á fyrri æfingum hafa sjálfboðaliðarnir aðallega unnið í fjöldahjálparstöð og beðið eftir að aðstandendur skili sér. (Sem oftast gerist þegar langt er liðið á æfinguna eða í lokin) Sjálfboðaliðarnir fengu því meiri þjálfun en oftast áður.
- Samskipti við aðgerðarstjórn og samhæfingarstöð gengu vel
- Öll skipulagning og framkvæmd gekk vel að undanskildum smáatriðum hér að ofan enda fólkið búið að fá góða þjálfun á undirbúningsnámskeiðum.



Ljósmyndir: Bryndís Friðgeirs-RKÍ

Flugslysaæfingin - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Starfsmenn Ísafjarðarflugvallar.	Arnór Magnússon.

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Starfsmenn Isavia.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á slysstað og farþegasal flugstöðvar.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
<p>Smá mistök okkar manna í upphafi með Tetra, á tímabili of margir á línunni.</p> <p>Á slysstað vantaði meiri aðstoð v/greiningu slasaðra, flutningur tók langan tíma, hefði aðstoðarmaður björgunarstjóra t.d. getað gripið inni á einhverjum tímapunkti?</p> <p>Bílar hafðir í gangi, við hliðina eða framan við „slasaða“</p>
Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem fóru vel.</u>
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
<p>Æfingin og undirbúningur hennar gekk með sóma, fólk virtist yfirvegað og kunna vel til verka. Umferðastjórnun fór fagmannlega fram, sérstaklega við hliðið milli flugstöðvar og tækjageymslu.</p> <p>Góð þátttaka, sérstaklega hjá leikurum.</p> <p>Allir eiga skilið þakklæti fyrir góða æfingu, stelpurnar í eldhúsinu stóðu sig einnig með sóma.</p>

--

Flugslysaæfing Ísafjörður 2013 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Leikarar og förðun	Vigdís Agnarsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
ISAVIA

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Í Leikaramiðstöð, á vettvangi og í SSS.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Nokkrir leikarar komu með athugasemd til þeirra sem sáu um klippuvinnu að það hefði vantað upp á að það væri talað við þau og útskýrt hvað væri verið að gera þegar klippuvinna fór fram. Lærdómspunkturinn er að það þarf að tala við leikarana þrátt fyrir að þau séu ekki í alvörunni slösuð af því að flest þeirra eru að upplifa svona aðstæður í fyrsta sinn og vita ekki við hverju er að búast.



Líðsmýndir: Kristján Kristjánsson AVD

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Eins og alltaf eru Ísfirðingar höfðingjar heim að sækja. Takk fyrir frábæra æfingu.

Flestir þeir sem komu að förðun og eftirliti hittust í Guðmundarbúð á fimmtudagskvöldið þar sem farið var yfir förðunina og þeirra hlutverk í eftirliti með leikurum á æfingunni.

Leikarakynning fór fram í Guðmundarbúð á föstudagskvöldið þar sem 60 manns mættu og ótrúlegt að hægt væri að troða svona mörgum inn í annars frekar lítinn sal. Kynningin gekk vel og inn var skilað 61 skráningarblaði.

Förðunarteymi mætti í Guðmundarbúð upp úr klukkan 7 á laugardagsmorgun og leikarar byrjuðu að mæta um klukkan 8.

Slysavarnadeildin á Ísafirði sá um morgunverð fyrir leikara, mjög flott og vel útilátið morgunverðarhlaðborð. Þessar vösku konur eiga þúsund þakkir skildar fyrir þeirra þátt í verkefninu.

Förðunin gekk vel, 55 leikarar mættu til leiks þrátt fyrir frost og nýfallinn snjó. Förðun var lokið um klukkan 11, þá var brunað inn á flugvöll og mannskapnum komið fyrir á vettvangi.

Æfingin gekk mjög vel varðandi leikara, engin teljandi vandamál komu upp hjá leikurum sem kvörtuðu lítið og áttu stórleik mörg hver.

Þau báru samt björgunarmönnum flestum vel söguna og sögðu að það hefði í flestum tilfellum verið farið vel með þau og útskýrt hvað væri verið að gera.

Kærar þakkir til Sigrúnar Maríu, Hildar, Marsibil, Gunnu Siggú og Auðar fyrir aðstoð við förðun og undirbúning leikara og eftirlit á vettvangi. (Vona að ég gleymi engum).

Takk fyrir okkur.

Vigdís Agnarsdóttir

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Á æfingunni gekk þökkalega vel að staðsetja leikara svæðinu og samvinna við ARFF hópinn varðandi eftirlit með leikurum gekk vel.

Gott samstarf er að skila sér í betri samvinnu og fleiri aðilar eru að kynna vinnubrögðunum hjá okkur.

Rýnifundur - úrdráttur

Rýnifundur var að vanda haldinn í kjölfar æfingarinnar. Hann var haldinn í Guðmundarbúð Björgunarfélags Ísafjarðar.

Komur úr Slysavarnardeild kvenna á Ísafirði sáu um að framreiða súpu, brauð og salat ofan í alla þátttakendur.

Venjulega er gerður úrdráttur úr því sem menn hafa að segja á þessum fundum. Að þessu sinni brást tæknin að hluta þannig að ekki tókst að taka upp mál allra þeirra sem tjáðu sig. Því þykir rétt að sleppa þessum þætti. Segja má að kjarni þess sem stjórnendur sögðu á fundinum komi fram í skýrslum þeirra hér að ofan og oftast nokkru meira.

Á DVD disknum sem fylgir skýrslunni má sjá það sem tókst að taka upp á fundinum ásamt þeim ljósmyndum sem við komumst yfir af æfingunni.

Yfirmaður almannavarna á svæðinu, Úlfar Lúðvíksson lögreglustjóri, flutti í lok fundarins stutta ræðu. Hann fór yfir æfinguna og undirbúning hennar og þakkaði öllum viðstöddum fyrir framlag sitt.

Að því loknu sleit hann æfingunni formlega.



Ljósmyndir: SJS-Bæjarins Besta-Ísafirði

Samantekt lærdómsatriða flugslysæfingarinnar Ísafjörður 2013.

Athugið að hér eru aðeins teknir nokkrir punktar úr skýrslum til þess að draga fram það sem telja má til helstu atriða. Þau þurfa ekki að vera þau sömu sem höfundar skýrslna telja mikilvægust. Einkum er dregið fram það sem breyta/bæta þarf með tilliti til þess að kerfið virki betur en minna á ábendingar sem snúa beint að einstökum atburðum sem ekki höfðu bein áhrif á æfinguna. Nauðsynlegt er að lesa nánar skýrslu viðkomandi viðbragðsaðila til þess að fá skýrari mynd af málinu.

Æfingastjóri.

Björgunarsveitir hafa verið ákveðið hryggjarstykki í flugslysæfingum liðinna ára. Bæði hvað snertir fjölda þátttakenda og ekki síður fjölbreytt reynsla þeirra og sú staðreynd að margir þeirra geta gagnast í flestum þeim þáttum verkefna sem upp geta komið á æfingum. Segja má að fáir ef nokkrir viðbragðsaðilar eru betur búnir til þess að takast á við slík verkefni.

Mæting þeirra á tvær síðustu flugslysæfingar er því áhyggjuefni. Flugslysæfingar eru almannavarnaæfingar þar sem allir viðbragðsaðilar almannavarna í viðkomandi héraði eru kallaðir til. Kallaðir til bæði vegna þess að þeir hafa hlutverk sem þeir kunna að leysa og einnig vegna þess að þeir hafa með samningi við ríkið/þjóðina skuldbundið sig til þess að æfa reglulega viðbragð við hugsanlegu flugslysi. Þar verður til reynsla sem auðvitað gagnast í annarri v.á.

Alltaf eru einhverjar skýringar á því að menn geti mekki mætt en menn vita gróflega með fjögurra ára fyrirvara að æfing mun verða haldin og sá sem ekki mætir býr ekki yfir þeirri reynslu sem samvinna við aðra viðbragðsaðila á flugslysæfingu, veitir honum.

Aðgerðastjórn.

- Þeir sem eru í aðgerðastjórn almannavarna þurfa að vita það, ekki bara fyrir æfingu heldur á ársgrundvelli því útkall getur komið hvenær sem er og verið af margvíslegum orsökum.
- Bæta þarf aðstöðu í stjórnstöð.
- Auka þarf þekkingu á SÁBF kerfinu og hafa skilgreiningar á hreinu.
- Regluleg þjálfun á Tetra er nauðsynleg.
- Aðgerðastjórn þarf að æfa reglulega.
- Skrifborðsæfing fyrir aðalæfinguna nýttist mjög vel.
- Notkun heyrnartóla og skipting á hlustun fjarskipta reyndist vel.
- Samræma þarf hvernig farþegalista er komið til stjórnkerfis aðgerða.

Vettvangsstjórn.

- Kanna þarf hvar Tetrasamband er til staðar og hvar ekki í nágrenni flugvallarins en svo virtist sem sambandið væri stopult.

Aðhlyningarstjóri.

- Bæta þarf merkingar heilbrigðisstarfsfólks.
- SST var með of mikið álag á aðhlyningarstjóra um ýmsar upplýsingar. Þessu álagi þarf að stilla í hóf.
- Aðhlyningarstjóri á ekki að þurfa að velta vöngum hvert einstaka sjúklingur er sendur og eða hvernig. Baklandið á að sjá um það.
- Út-skráning af SSS skýri hvert og hvernig viðkomandi þolandi er fluttur til frekari þjónustu.
- Hvernig er hægt að flytja græna/minnst slasaða á fjöldahjálparstöð ef þeir sem stjórna á SSS eru fastir í umönnum alvarlegra slasaðra þolenda ?
- Lykilatriði voru að aðhlyningarstjóri hafði fengið Tetra kynningu og skipað sér aðstoðarmann.
- Mjög gagnlegt er að fá fólk frá Rauða krossinum til aðstoðar á SSS.

Gæslustjóri.

- Tryggja þarf þekkingu manna á hvaða talhópa á að nota í aðgerð.
- Væri hægt að láta Neyðarlínuna senda út tilkynningar um notkun talhópa?
- Kanna þarf dreifingu Tetrasambands í og í kring um flugstöð.
- Gæslustjóri kemur með tillögur um breytingu á lokunum (í flugslysaáætlun).
- Telur kosti þess að allir komi inn á einum stað og allir út á öðrum vera ótvíræða.
- Skoða þarf hvað hægt er að gera til óskoðaðir grænir þurfi ekki að sitja ofan í gulum og rauðum sem verið er að skoða.
- Væri betra að víxla inn- og útgöngudyrum ?
- Nauðsynlegt er að gæslustjóri skipi sér aðstoðarmann.

Flutningastjóri.

- Merkingu verkþáttastjóra var ábótavant.
- Þar sem vinna á slysstað getur tekið langan tíma þá væri æskilegt að hægt væri að setja upp tjald eða svipaða aðstöðu á SLY.

Björgunarstjóri.

- Vandræði voru við fjarskipti og spurning hvort nota hefði átt aðra möguleika Tetrakerfisins.

Ráðgjafi-Aðgerðarstjórnar. (Skýrsla barst ekki)

Ráðgjafi-Vettvangsstjórn.

- Almenn þekking á SÁBF er ónóg og það þarf að bæta.
- Skoða betur vinnuástandið vettvangsstjórnar.
- Athuga þarf fjarskiptaskilyrði umhverfis flugvöllinn.

Ráðgjafi-Aðhlyningarstjóra.

- Hinir ýmsu viðbragðsaðilar sem vinna á SLY mættu ræða saman um hlutverk og verkaskiptingu.
- Fræða heilbrigðisfólk frekar um áverkamat.
- Bráðaflokkun gekk hægt. Menn þurfa að skoða betur hvernig staðið er að henni.
- Sjúkrahúsið naut nýs búnaðar og nýrrar viðbragðsáætlunar.
- Lærdómur hafði verið dregin af síðustu æfingu og bætt úr þeim ss. merkingar manna, vökvauppsetningu ofl.
- Rauða kross fólk gagnaðist mjög vel á SSS.
- Reynsla æfingarinnar sýnir að stöðugt endurmat áverka/ástands á sjúklingum þarf að eiga sér stað.
- Um töluverða offlokkun (overtriage) var að ræða.

Ráðgjafi-Flutningastjóra.

- Léleg þátttaka björgunarsveita.
- Vangaveltur um staðsetningu björgunarstjóra og vettvangsstjórnar.
- Merkingar verkþáttastjóra eru óviðunandi/engar.
- Efla þarf einstaklingsvarnir.
- Brotflutningur af SLY ekki alltaf í samræmi við bráðamat.

Ráðgjafi-Gæslustjóra. (skýrsla barst ekki)

Ráðgjafi-Björgunarstjóra.

- Gera hefði átt fjarskiptaprófanir á svæðinu til að kanna útbreiðslu Tetramerkis.
- Tetrasamband á SLY ekki öruggt á öllum stöðum.
- Réttara væri að bjarga þeim fyrst sem auðveldast er að ná til/eru best staðsettir til flutnings í stað þess að sinna þeim sem langt eru frá.

Rauði krossinn.

- Eina Tetrastöð vantaði til þess að tryggja betri samskipti.
- Útvegum farartækja til fólksflutninga var ekki á hreinu.

Samantekt helstu lærdómsatriða æfingarinnar

- Skilgreina þarf betur hlutverk og nýtingu Rauðakross fólks td. með merkingum um hverju viðkomandi sé sérþjálfaður í ss. skyndihjálpi, sálrænn stuðningi og eða öðru.

Starfsmenn Isavia.

- Ágætt væri fyrir starfsmenn að æfa notkun Tetra undir álagi (margar stöðvar í notkun).
- Umferðastjórnun virkaði mjög vel.
- Viðbragðsaðilar séu alltaf meðvitaðir um liggjandi sjúklinga (útblastur bifreiða).

Umsjón leikaramála.

- Þeir sem vinna átaksvinnu svo sem að klippa flak, verða að muna að sinna sjúklingum allan tímann á meðan slíkri aðgerð stendur. Upplýsa, hughreysta og róa niður.
- Frammistaða leikara og farðara var frábær. Konur í slysavarnardeild kvenna á Ísafirði eiga sérstakar þakkir skildar fyrir sjá um og sinna leikurum í mat og drykk svo og öllum þátttakendum.



Ljósmyndir: SJS-Bæjarins Besta-Ísafirði

